

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið um skipulag umferðar í Reykjavík.

1. Einstefna verði frá vestri til austurs á þeim hluta Kringlunnar sem liggur samhliða Miklubraut.
2. Bannað verði að beygja til vinstri frá Húsi verslunarinnar norður Kringluna.
3. Bannað verði að leggja ökutækjum á Kringlunni, beggja vegna götunnar.
4. Bannað verði að stöðva ökutæki á Kringlunni vestan og norðan við verslunarmiðstöðina.
5. Bannað verði að stöðva og leggja ökutækjum á Listabraut, beggja vegna götunnar. Ákvörðun þessi tekur gildi 12. ágúst 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. ágúst 1987.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin einstefna frá vestri til austurs á Fossvogsvegi milli Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 19. ágúst 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. ágúst 1987.

Böðvar Bragason.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um manntalsþing í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 10. júlí sl., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykkt sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um að leggja niður manntalsþing í Snæfellsness og Hnappadalssýslu.

Með vísun til 10. gr. laga nr. 28 1981 um breytingu á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, samþykkir ráðuneytið að manntalsþing í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu verði lögð niður.